

LÆSISSTEFNA LEIK- OG
GRUNNSKÓLA HÚNAÞINGS
VESTRA

Lestur Lesskilningur Loesi


Færni til framtíðar



Stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan þeirra. Umhyggja og velferð barna verður best tryggð í góðu samstarfi milli foreldra og skóla svo að barnið fái sem best notið sín í leik og starfi.

Í þessum bæklingi eru allar helstu upplýsingar um áherslur í lestrarþjálfun fyrir þitt barn sem og aðrar mikilvægar upplýsingar fyrir velferð barnsins þíns í skólanum.

Vissir þú að barnið þitt þarf að sofa 8-10 klst á sólarhring til þess að ná fullum svefni?





Heimalestur

Til að ná góðri lestrarfærni og leshraða þarf að þjálfa sig jafnt og þétt. Æfingin skapar meistarann á þar vel við. Því er mikilvægt að lesið sé fyrir börn á öllum aldri og þegar börn hafa færni til lesi þau daglega, ekki einungis í skólanum heldur einnig heima. Verum góð fyrirmynd, horfum á styrkleika barnsins, hvetjum það áfram og hrósum.

Viðmið um skjátíma



Mínútur á dag

Leikskólaaldur

- Aldrei skjánotkun eftir kvöldmat
- Notkun er bundin við nærveru fullorðina
- Matarborð, rúm og herbergi eru skjálausir staðir

1.-4. bekkur

- Samvera fullorðins og barns fyrir framan skjá
- Matarborð, rúm og herbergi eru skjálausir staðir

5.-7. bekkur

- Skjánotkun bara er undir nánu eftirliti fullorðinna
- Matarborð, rúm og herbergi eru skjálausir staðir.

8.-10. bekkur

- Matarborð og rúm eru skjálausir staðir

FYLGIST ÞÚ MEÐ
SKJÁTÍMA HJÁ
ÞÉR OG
UNGLINGNUM
ÞÍNU?

VISSIR ÞÚ AÐ
SKJÁTÍMI GETUR
HAFT MIKIL
ÁHRIF Á
SVEFNGÆÐI HJÁ
ÞÉR OG
UNGLINGNUM
ÞÍNUM?

Eflum lestrarfærni unglinga



- Reynið að skapa reglu og gott andrúmsloft í kringum heimalesturinn strax í upphafi þannig að lesturinn geti orðið ánægjuleg samverustund.
- Sýndu lestri unglingsins áhuga með því að spyrja hvaða bók hann/hún/hán sé að lesa, um hvað hún sé og hvort hún sé áhugaverð.
- Gott er að spyrja leiðandi spurninga til að fá unglinginn til að giska á innihald sögunnar og tjá sig um það, t.d. um atburði, framvindu, fyrirætlun, hugarástand og líðan sögupersónanna.
- Fáðið unglinginn til að segja frá efni sögunnar, ræðið efni textans og látið reyna á ályktunarhæfni þess.
- Stundum getur reynst vel að lesa annað efni en bækur. T.d. fréttir, greinar, myndasögur og/eða fræðsluefni. Gefðu þér þá einnig tíma til þess að hlusta á unglinginn segja þér frá hvað hann/hún/hán var að lesa.
- Hrósið unglingnum fyrir það sem gengur vel til að uppörva og hvetja.
- Ef unglingurinn á erfitt með lestur er mjög mikilvægt að hann/hún/hán lesi upphátt minnst 5 sinnum í viku.
- Reynið að vera þolinmóð og jákvæð og láta unglinginn ekki heyra ef þið eruð áhyggjufull, talið við kennara ef lestrarnámið gengur ekki nægilega vel.